

Hr. Jón Gunnarsson

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Nefnd sem innanríkisráðherra skipaði 16. september 2016 og var falið það hlutverk að gera endanlegar tillögur um fyrirkomulag nýrra aðferða við jöfnun á útgjaldapörfum og tekjumöguleikum sveitarfélaga skilar hér með skýrslu sinni, þar sem fram koma tillögur og aðrar ábendingar.

Annars vegar eru tilteknaðar breytingar lagðar til á regluverki sjóðsins sem hægt væri að ráðast í fljótlega. Hins vegar lagt til að drögum að nýju líkani fyrir jöfnunarframlög sjóðsins, sem verið hefur til umræðu í nefndinni og henni var ætlað að hafa til hliðsjónar við vinnu sína, fari í samráðsferli næstu mánuði. Þá setur nefndin fram nokkar ábendingar til frekari umræðu í samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga, Jónsmessunefnd, en ekki náðist samstaða í nefndinni um þau atriði.

Skýrslan er undirrituð af öllum fulltrúum í nefndinni að fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sem lagt hefur fram bókun um afstöðu sína. Þá undirritar Stefán Eiríksson, einn þriggja fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, skýrsluna með fyrirvara sem fram kemur í bókun.

Reykjavík, 4. október 2017;

Guðrún Þórunn
Guðrún Þórunn
Stefni Þórunn
Ásta Stefánsdóttir
Sigrún Þórunn

Bókun Guðrúnar Ögmundsdóttur og Sigurðar Guðmundssonar, fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytis

Fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins hafa tekið virkan þátt í starfi nefndar um endurskoðun á jöfnunarframlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Fulltrúar ráðuneytisins hafa greint ýmsa þætti til þess að varpa ljósi á mismunandi stöðu sveitarfélaga í því skyni að gera sveitarfélögin í landinu öflugri og betur í stakk búin til að gegna margháttuðum skyldum sem þau bera.

Við móttöku afstöðu fulltrúa ráðuneytisins hefur m.a. verið horft til tillagna um eflingu sveitarstjórnarstigsins, sem fram eru komnar í nýrri skýrslu nefndar um stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga og til samkomulags ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2018 – 2022. Tillögur fulltrúa ráðuneytisins hafa endurspeglað þau sjónarmið sem þar er að finna.

Engar tillögur fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins hlutu stuðning allra nefndarmanna en nokkrar þeirra eru taldar upp án efnislegrar umfjöllunar í kafla 2.3.3.

Þrátt fyrir að tillögur nefndarinnar kunni að vera til bóta er það skoðun fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins að þær breytingar, sem lagt er til að komi til framkvæmda á næstunni, muni litlu breyta um styrk eða stöðu sveitarfélaganna, jafnræði meðal þeirra eða getu til að sinna verkefnum sínum.

Mikilvægt er að breytingar á Jöfnunarsjóði miði að því að styrkja opinbera stjórnsýslu og þjónustu við almenning.

Í ljósi þess sem að ofan greinir undirrita fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytisins ekki álit nefndarinnar.

Bókun Stefán Eiríkssonar, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi er að gera endanlegar tillögur um fyrirkomulag nýrra aðferða við jöfnun á útgjaldþörfum og tekjumöguleikum sveitarfélaga, á grunni þeirra vinnu sem unnin hefur verið á þessu sviði undanfarin ár. Eins og þessi skýrsla nefndarinnar ber með sér liggja slíkar tillögur ekki fyrir.

Engu að síður eru lagðar fram tillögur að aðgerðum og breytingum til þess að lagfæra ákveðnar skekkjur í gildandi fyrirkomulagi. Þar á meðal er tillaga um að nýti sveitarfélag ekki útsvarshlutfall að fullu komi til skerðingar á framlögum úr jöfnunarsjóði sem nemi vannýttum útsvarstekjum. Eins og rakið er í skýrslunni snýr þetta einkum að sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem hafa mikla möguleika til eigin tekjuöflunar en fá engu að síður há framlög úr jöfnunarsjóði vegna reksturs grunnskóla. Þannig standa íbúar og skattgreiðendur í Reykjavík undir rekstri grunnskóla í þessum sveitarfélögum að hluta meðan íbúar umræddra sveitarfélaga njóta þess skattaafsláttar sem viðkomandi sveitarfélag býður uppá í formi lægra álagningarhlutfalls útsvars.

Þessi tillaga er góðra gjalda verð að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir því að umræddir fjármunir renni þá til annarra sveitarfélaga fremur en að umfang jöfnunarsjóðs og jöfnunar vegna rekstrar grunnskóla verði minnkað sem þessu nemur. Forsenda þess að unnt sé að fallast á þessa tillögu er að jöfnunarsjóður minnki sem þessu nemi, til vara að þessum fjármunum verði ráðstafað í málaflokk fatlaðs fólks þar sem verulega fjármuni vantar til að standa undir þeirri þjónustu sem sveitarfélögum er ætlað að veita á því sviði. Einnig verður að gera þá athugasemd við þessa tillögu að hún hefur tilviljanakennd áhrif á dreifingu útgjalda jöfnunarsjóðs vegna reksturs grunnskóla, fremur en að reynt sé að meta þörf fyrir jöfnunarframlög og dreifingu þeirra út frá breytum sem bein áhrif hafa á rekstur grunnskóla. Mikilvægt er að horfa til endurskipulagningar og nýs fyrirkomulags við jöfnun á útgjaldapörf og tekjumöguleikum sveitarfélaga út frá slíkum breytum, og þá ekki bara þegar kemur að rekstri grunnskóla heldur rekstri sveitarfélaga í heild sinni.